

Fundargerð 69. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, 21. október, 2020, kl. 12:30-13:58 á zoom.

Samþykkt dagskrár

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar
2. Umræður og afgreiðsla MS náms í Hestafræðideild.
3. Gestafræðimenn umræður og afgreiðsla.
4. Fjárlög 2021, sjá trúnaðarskjal.
5. Önnur mál.

Dagskráin var samþykkt.

Fundinn sátu: Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir, Sveinn Margeirsson, Stefán Óli Steingrímsson og Erla Björk Örnólfsdóttir. Fulltrúi stúdenta fjarverandi. Sigríður Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 68. fundar var samþykkt með smávægilegum stafsetningartengdum breytingum.
2. MS nám í Hestafræðideild. Rektor kynnti námið. Ingibjörg og Stefán Óli útskýrðu það enn frekar og álitamál sem höfðu komið fram um það og verið rædd. Háskólaráð samþykkir námið og var ánægt með þá stöðu sem Hestafræðin hefur náð og óskuðu skólanum til hamingju með það.
3. Gestafræðimenn. Fyrir háskólaráð var lagður grunnur að reglum um gestafræðimenn og þær kynntar. Háskólaráð samþykkir framlagða tillögu, með úrbótum.
4. Fjárlög 2021. Rektor ræddi fjárframlög til skólans á undangengnum árum en HH hefur verið undirfjármagnaður frá 2009 þrátt fyrir góðan árangur hans á mjög mörgum sviðum. Fjárlög næsta árs boða ekki breytingar á því. Skólanum verður áfram skorinn þröngur stakkur. Í umræðum um þennan lið kom m.a. fram að í fylgiriti með fjárlögum 2021 er ekki gert ráð fyrir 15 millj. kr. framlagi af liðnum 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi til Háskólans á Hólum.
5. Önnur mál.
 - a) Engin önnur mál.Fundi slitið kl. 13:58